

Mál nr. 343/2015**M****og****vátryggingafélagið V v/ farangurstryggingarliðar greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á ljósmyndavél****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 25.9.2015.

Málsatvik.

Hinn 10. júlí 2015 var ljósmyndavél ásamt fylgihlutum í eigu M stolið úr herbergi í París þar sem hann var gestkomandi. Hafi myndavélin horfið á föstudagseftirmiðdegi af borði í lokuðu herbergi. Húsið hafi verið læst með kóða en gestir kunni á kóðann.

M er vátryggður samkvæmt greiðslukortatryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem hann varð fyrir af völdum þjófnaðarins. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að tjónið sé ekki bótaskyld þar sem myndavélinni hafi ekki verið stolið við sannanlegt innbrot, en það sé forsenda bótaskyldu úr vátryggingunni. Einnig hafi verið um að ræða brot á varúðarreglu sem mælt er fyrir um í vátryggingarskilmálum þess efnis að vátryggður skuli loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífylum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir.

Álit.

Í gr. 5.1 í vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar V er mælt fyrir um bótasvið farangurstryggingarinnar. Segir þar að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss. Þó sé skilyrt að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða. Í gr. 5.2.9 er kveðið á um þá takmörkun á bótaskyldu V að það bætir ekki tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa m.a. úr læstum hífylum án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.

Í gr. 5.5 í skilmálunum er kveðið á um þá varúðarreglu að vátryggður skuli loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífylum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir. Skv. gr. 5.6 er skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum og sé þeim ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en samkvæmt því ákvæði getur félagið ekki borið fyrir sig að varúðarreglu hafi ekki verið fylgt ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans.

Ekki virðist vera um það deilt að ljósmyndavél M var stolið úr lokuðu herbergi í læstri íbúð. Hins vegar munu engin ummerki hafa verið til staðar sem bentu til að brotist hafi verið inn í íbúðina til að stela myndavélinni. Eins og að ofan greinir er kveðið á um það í skilmálum varðandi það atvik sem M varð fyrir að tjón fæst ekki bætt án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða auk þess sem gæta skuli að þeirri varúðarreglu að læsa hífylum þar sem hinn vátryggði munur var skilinn eftir. Verður ekki séð að ákvæði þessi fái samrýmst. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að líta á ákvæði vátryggingarskilmálans um að tjónið bætist ekki án sannanlegs innbrots sem háttarnisreglu sem beri að skýra með hliðsjón af þeirri háttsemi sem varúðarreglan mælir fyrir um. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að hvarf myndavélarinnar megi rekja til þess að M hafi ekki fylgt fyrirmælum varúðarreglunnar. Við þær aðstæður sem hér um ræðir verður því ekki séð að V geti firt sig ábyrgð á tjóni M. Tjónið telst því bótaskyld úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.